

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 13/97
frá 14. mars 1997**

um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn,
um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skráin í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn sýnir réttarstöðuna almennt á þessu
sviði.

Bókun 21 var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/94 frá 8.
febrúar 1994⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3384/94 frá 21. desember 1994 um
tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr.
4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja⁽²⁾ og reglugerð
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994 um framsetningu,
efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð
ráðsins nr. 17⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað 2. liðar 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn komi eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 85, 30. 3. 1994, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 3, 30. 3. 1994, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1994, bls. 28.

- „2. 394 R 3384: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3384/94 frá 21. desember 1994 um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1994, bls. 1).”.

2. gr.

Í stað 4. liðar 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn komi eftirfarandi:

- „4. 394 R 3385: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17 (Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1994, bls. 28).”.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 14. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

